

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 13. desember 2016
UST201611-203/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Undirhlíðar. Umsögn

Vísað er til bréfs Hafnarfjarðarbæjar dags. 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða breytingar á deiliskipulagi Undirhlíðar, efnistaka og frágangur til að samræma deiliskipulagið við Aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025 vegna lagningar háspennulína um deiliskipulagssvæðið.

Umræddu skipulagssvæði hefur þegar verið raskað að verulegu leyti vegna efnistöku. Þau þrjú háspennumöstur sem lenda innan deiliskipulagssvæðisins eru öll á móbergshryggnum sem efnistakan fer fram í. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umræddar breytingar hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur